

Miðvikudaginn 8. maí 1935.

Nr. 180/1934. **Réttvísinn** (Th. B. Lindal)  
gegn

**Guðmundi Guðmundssyni, Eyjólfvi Jóhannssyni, Steingrími Björnssyni og Sigurði Sigurðssyni** (Pétur Magnússon, Sveinbjörn Jónsson, Lárus Jóhannesson, Stefán Jóh. Stefánsson).

Brot g. 142., sbr. 145. og 144., sbr. 145. og 48. gr. hegningarlaganna.

*Dómur aukaréttar Reykjavíkur 20. okt. 1934:* Ákærði, Sigurður Sigurðsson, á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Ákærði Guðmundur Guðmundsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði.

Ákærði, Steingrímur Björnsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði.

Ákærði, Eyjólfur Jóhannsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga.

En fullnustu fangelsisrefsinga allra hinna dómfelldu skal fresta, og þær falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 1907 verða haldin.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Sigurðssonar, hrm. Stefáns Jóh. Stefánssonar, kr. 150, greiðist úr ríkissjóði. Ákærði, Guðmundur Guðmundsson, greiði varðhaldskostnað sinn og kr. 150 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, hrm. Péturs Magnússonar; ákærði, Steingrímur Björnsson, greiði til skipaðs verjanda síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 150,, og ákærði, Eyjólfur Jóhannsson greiði til skipaðs verjanda síns, hrm. Sveinbjörns Jónssonar, kr. 150 í málsvarnarlaun.

Allan annan kostnað sakarinnar greiði hinir ákærðu Guðmundur Guðmundsson, Steingrímur Björnsson og Eyjólfur Jóhannsson einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur hæstaréttar.

#### A. Ákærði Guðmundur Guðmundsson.

I. 1. Honum er í fyrsta lagi gefið að sök, að hann hafi sýnt refsivert gáleysi um umgang um aðalpeningahirzlu Landsbankans. Eftir 1. málsgr. 80. gr. bankareglugerðarinnar nr. 83 frá 21. dez. 1928 skal læsing féhirzlu þessarar vera svo gerð, að henni verði aðeins lokið upp með tveim lykllum, og hafi einn bankastjóranna annan þeirra, en féhirðir hinn, og verði þeir því báðir að vera við, þegar í hana er farið. Ákærði fór eigi alltaf sjálfur í féhirzlu þessa, heldur lét stundum aðra starfsmenn bankans gera það fyrir sína hönd. Bankastjórnarnir fóru, að því er virðist, aldrei sjálfir í féhirzlu þessa, heldur létu venjulega ákveðinn starfsmann bankans gera það í umboði sínu. Þessi umboðsmaður bankastjórnarinnar hreyfði aldrei athugasemdum eða aðfinningum við ákærða, þótt hann sendi stundum annan í stað sinn, og ekki hefir stjórn bankans að þessu fundið. Þar sem bankastjórnarnir, yfirboðarar ákærða, bæði töldu sér sjálfum heimilt að nota umboðsmann til áður-nefnds starfs, sá umboðsmaður fann aldrei að þessu við ákærða, heldur fór umyrðalaust með þeim, er ákærði sendi með honum í aðalpeningaféhirzluna, og þar sem ákærði fékk aldrei neinar athugasemdir um þetta frá yfirboðurum sínum, þá verður hann ekki talinn hafa unnið sér til refsingar, þótt hann hafi ekki í þessu atriði fylgt áður-nefndum ákvæðum bankareglugerðarinnar bókstaflega.

2. Þá er ákærða gefin sök á því, að hann hafi ekki samkvæmt 2. málsgr. 80. gr. bankareglugerðarinnar kvittað hvert skipti, sem seðlar voru teknu-

ir úr áðurnefndri aðalpeningahirzlu bankans í hina þar til ætluðu bók, heldur að loknum bankatíma dag hvern, að því er virðist, fyrir samanlagðar úttektir seðla þaðan þann dag. Með því að umboðsmaður bankastjórnanna, sem að sjálfstöðu var viðstaddur og tók þátt í talningu seðlanna og einnig var skylt að sjá um, að allt í þessu efni væri löglega gert, hafði ekki neitt við þessa tilhögun að athuga, mátti ákærði ganga út frá því, að yfirboðarar hans mundu ekki telja hann ámælisverðan í þessu efni. Og verður ákærði því ekki heldur talinn hafa unnið til hegningar í þessu sambandi.

3. Enn er ákærði sakaður um vítaverða ráðstöfun á lyklum að hinni sérstöku féhirzlu féhirðis, þeirrar, er í 81. gr. bankareglugerðarinnar getur og hann einn á að hafa lykla að. Enda þótt bankanum sé, samkvæmt 1. gr. laga nr. 10/1928, skipt í þrjár starfsdeildir, gerir bankareglugerðin ráð fyrir aðeins einum féhirði. Vegna þessarar nýskipunar á bankanum og vaxandi starfa, hlutu féhirðarnir raunverulega að verða fleiri en einn. Gerðist ákærði aðalféhirðir, og hafði þó einnig talningu við einn sjóðinn á hendi, en undir hans eftirliti og á hans fjárhagsábyrgð störfuðu jafnframt tveir aðstoðargjaldkerar, hvor með sinn sjóð. Vegna talningarstarfsemi sinnar var ákærði þannig bundinn við starf sitt við sinn sjóð, og sendi hann því einatt aðra starfsmenn bankans í féhirzlu þá, sem féhirði er ætluð í 81. gr. bankareglugerðarinnar. Fékk hann aðstoðarféhirðum sínum því varalyklana að féhirzlu þessari. En hún er, eftir því, sem upplýst er í málinu, járnskápur með tveimur aðgreindum rúmum, og sín ytri hurðin fyrir hvoru. Fylgdu skápnnum tveir lyklar að læsingu hvorrar

hurðar, en allir 4 lyklnir ganga þó að báðum læsingunum. Meðákærðu Steingrimur og Sigurður, aðstoðargjaldkerar ákærða, höfðu nú sinn lykilinn hvor, en forstöðumaður útibús bankans við Klapparstig einn og ákærði sjálfur þann fjórða. Hvor aðstoðarféhirðanna geymdi sinn sjóð inni í skápnum í læstum járnkassa, og höfðu þeir, hvor um sig, einir lykil að sínum kassa. Í skáp þessum er enn fremur sérstakt hólfi, þar sem ákærði geymdi sinn sjóð og hann einn hafði lykil að. Með þessari tilhögun gat enginn féhirðanna farið í hins sjóð með sínum lykli, og það verður því ekki talin refsiverð meðferð á lyklunum, þó að ákærði fengi aðstoðargjaldkerum sínum lykil að skáp þessum með þeim hætti, sem sagt var.

Á afhendingu lykils að frammannefndum skáp til forstöðumanns útibúsins stóð svo, að bankastjórnin hafði lagt svo fyrir, að sjóð útibúsins skyldi á hverju kveldi eftir starfstíma þess flytja niður í aðalbankann og geyma þar yfir nóttina í skáp þeim, er féhirði var ætlaður. Með því að starfssemi útibúsins fór fram á eftirmiðdögum lengi eftir að aðalbankanum var lokað, var sjóðurinn ekki fluttur úr útibúinu í bankann fyrr en kl. 8—9 á kveldin. Ákærða var ekki skylt að biða í aðalbankanum eftir því, að sjóður útibúsins kæmi þangað eða að vera þar við, er sjóðnum var þangað skilað. Þessi meðferð á sjóði útibúsins var gagnstæð tillögum ákærða, og í ráðstöfun bankastjórnarinnar á sjóðnum virðist felast samþykki hennar eða jafnvel skipun til ákærða um það, að hann léti forstöðumanni útibúsins heimilan aðgang að skápnum, sem hlaut að verða með því móti, að hann fengi lykil að honum hjá ákærða. Verður ákærða því

ekki talið til hegningar, þó hann afhenti forstöðumanni útbúsins einn lykilinn að oftnefndum skáp.

Samkvæmt þessu verður ákærða ekki gerð refsing fyrir athafnir þær, sem í þessum kafla greinir.

II. Þá er ákærða gefin sök á því, að hann tók við ávísunum frá Mjólkurfélagi Reykjavíkur sem góðum og gildum, enda þótt hann vissi, að félagið átti ekki innstæðu fyrir þeim í banka þeim, sem þær voru stílaðar á. Það verður ekki fullyrt, að ákærði hafi gert þetta í því skyni að skaða Landsbankann, enda voru ávísanirnar allar leystar inn. Ekki verður það heldur talið sannað, að ákærði hafi gert þetta til þess að afla sjálfum sér ávinnings, enda þótt svo atvikaðist allöngu eftir að ákærði var farinn að taka við nefndum ávísunum, að forstjóri Mjólkurfélagsins gerði honum samskonar greiða, sem ýmsir aðrir kunningjar höfðu gert, án þess að ákærður gerði þeim nokkurn samskonar greiða og hann gerði Mjólkurfélaginu með viðtöku ávísananna. En með þessari meðferð ávísananna tók ákærði sér vald, sem honum ekki bar samkvæmt stöðu sinni, og verður, með því að mikið kvað að þessu, að telja honum það til stórkostlegs og ítrekaðs hirðuleysis, og að dæma hann til refsingar fyrir það eftir 144. gr., sbr. 145. gr. almennra hegningarlaga.

III. Ákærði fékk, eins og segir í hinum áfrýjaða dómi, ávísanir hjá ýmsum mönnum til þess að láta liggja í sjóði hjá sér sem tryggingu fyrir upphæðum, er hann hafði tekið úr sjóði sínum til eigin þarfa. Ákærði verður ekki talinn hafa ætlað sér að skaða bankann með þessu, enda virðast upphæðirnar ekki hafa verið háar og engin skaði

hlaut heldur af því. Og ákærði verður ekki heldur talinn hafa gerzt sekur um sjóðþurð með þessu eftir 136. gr. hegningarlaganna, því að raunverulega var jafnvirði þess, er hann tók úr sjóðnum, jafnan fyrir hendi þar, sem væntanlega hefði mátt koma í reiðu peninga hvenær sem vildi, ef því hefði verið að skipta.

Af ávísunum þeim, sem hér ræðir um, var ein, að upphæð 5000,00 krónur, frá Mjólkurfélagi Reykjavíkur, sem forstjóri þess félags lét hann hafa eftir að ákærði var farinn að taka við ávísunum félagsins með þeim hætti, sem í II. getur. En fyrir þessari ávísun setti ákærði tryggingu með ávísun frá Agli Thorarensen, sem forstjórinn taldi fullnægjandi tryggingu. Þegar til þess er litið, að aðrir kunningjar ákærðu gerðu honum samskonar greiða tryggingarlaust, þá verður ekki talið sannað, að ákærði hafi þegið þenna greiða hjá forstjóra Mjólkurfélagsins sem borgun eða fyrir það, að hann hafði tekið við ávísunum félagsins. Það verður ekki heldur talið sannað, að úttektarskuld ákærða við félag þetta feli í sér borgun honum til handa fyrir brot á embættisskyldu, enda var skuldin ekki svo há, að vel mátti ætla, að maður í stöðu ákærða og með þeim tekjum, sem hann hafði, mundi geta greitt hana, og lánstraust það, sem félagið lét ákærða hafa, virðist sist hafa farið fram úr því, er margir aðrir viðskiptamenn þess nutu. Ákærði verður því ekki talinn hafa með þeim skiptum sínum við Mjólkurfélag Reykjavíkur, sem hér greinir, bakað sér refsingu eftir 119. gr. hegningarlaganna. Þar á móti hefir hann með því að taka úr sjóði hjá sér upphæðir til eigin þarfa misbrúkað stöðu sína sem aðalféhirðir bankans,

og varðar það brot hans við 142. sbr. 145. gr. almennra hegningarlaga.

Brot ákærða varða samkvæmt framansögðu við 142. og 144. gr. hegningarlaganna, hvorttveggja samanborið við 145. gr. sömu laga. Strangasta refsing fyrir brot þessi er embættis- eða sýslunarmissir. Ákærði hefir verið sviptur stöðu sinni sem aðalféhirðir bankans að fullu og öllu. En vegna hins skýlausa ákvæðis 34. gr. hegningarlaganna verður ekki hjá því komizt, að dæma ákærða til refsingar, enda þótt hann hafi þegar verið sviptur stöðu sinni, og þykir sú refsing, með hliðsjón af 58. og 63. gr. hegningarlaganna og af því að bankinn hefir engan skaða beðið af brotum ákærðs, hæfilega ákveðin 3 mánaða einfalt fangelsi, en af sömu ástæðum þykir mega ákveða frestun á fullnustu refsingarinnar, og að niður skuli hún falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.

#### *B. Ákærði Steingrímur Björnsson.*

I. Ákærði hefir, þótt í minni mæli sé, gerzt brotlegur í athöfnum þeim, er lýst er í A. II. að framán, með því að taka við ávísunum frá Mjólkurfélagi Reykjavíkur, þótt hann vissi, að ekki væri til innstæða til að leysa þær inn. Með skirskotun til þess, sem um þessar athafnir segir í A. II, verður að telja ákærða hafa með þeim gerzt brotlegur við 144., sbr. 145. gr. almennra hegningarlaga.

II. Ennfremur hefir ákærði tekið úr sjóði fé í eigin þarfir. Til tryggingar því, að ekki yrði tjón þar af, fékk hann ávísun, upphaflega að upphæð kr. 1800.00, er síðar var hækkuð í kr. 2500.00, hjá forstjóra Mjólkurfélagsins, en gegn fullri tryggingu. Þegar hann fór úr stöðu sinni fékk hann sömu

upphæð að láni hjá sparisjóði félagsins, einnig gegn fullri tryggingu. Önnur skipti sést ekki, að ákærði hafi haft við félagið. Með skirskotun til þess, er segir í A. III. að framan, verður ekki talið, að ákærði hafi með þessu gerzt brotlegur við önnur ákvæði hegningarlaganna en 142., sbr. 145. gr. Ákærði sagði að visu lausri stöðu sinni eftir að misferli hans var orðið uppvíst, en eftir að bankastjórnin hafði ákveðið að vikja honum úr henni. Með hliðsjón af 58. og 63. gr. hegningarlaganna, af því að brot ákærða eru ekki mjög stórfelld, af því að ekkert tjón hlaut af þeim og af því, að ákærði missti stöðu sína, enda þótt refsingin fyrir ávirðingar hans mundi trauðla hafa orðið stöðumissir, þykir refsing hans hæfilega ákveðin eins mánaðar einfalt fangelsi, en fresta skal fullnustu hennar og niður skal hún falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.

#### C. Ákærði Sigurður Sigurðsson.

Af ástæðum þeim, sem fram eru teknar í hinum áfrýjaða dómi, þykir mega sýkna ákærða af kærum og kröfum réttvisinnar í máli þessu.

#### D. Ákærði Eyjólfur Jóhannsson.

I. Ákærðu Guðmundur Guðmundsson og Steingrímur Björnsson tóku að tilhlutun ákærða við ávísunum þeim, sem í A. II. og B. I. greinir. Ákærða verður því að telja samsekan þeim í þeim brotum, og varða þær athafnir hans við 144., sbr. 145. og 48. gr. almennra hegningarlaga.

II. Eins og í A. III. greinir, lét ákærði hinn meðákærða, Guðmund Guðmundsson, fá 5000 króna ávísun gegn tryggingu, er ákærði taldi fullnægjandi, og án þess, að hann vissi, til hvers Guðmund-



ur ætlaði að nota hana. Það verður ekki talið sann- að, að ákvörðunarástæða kærða til þess að láta Guðmund fá ávísun þessa hafi verið sú, að borga Guðmundi fyrir það, að hann tók við oftnefndum ávísunum Mjólkurfélagsins, og verður því að sýkna hann af refsingu eftir 120. gr. hegningarlaganna fyrir þessa athöfn, eins og gert er í hinum áfrýj- aða dómi. Sama er um lánstraust það, er ákærði veitti meðákærða, Guðmundi Guðmundssyni, eða lét viðgangast að honum væri veitt.

Eins og segir í B. II., lét ákærði meðákærða, Steingrím Björnsson, fá 1800 króna ávísun, er sið- ar var hækkað í 2500 krónur, til þess að láta liggja í sjóði til tryggingar „á því fé, sem hann (þ. e. Stein- grímur) þurfti á að halda og fékk úr kassanum“. Það er fyrst og fremst ekki út af fyrir sig hegning- arvert að veita manni tryggingu gegn því, að at- vinnuveitandi hans verði fyrir tjóni sakir ávirð- inga hans. Í öðru lagi verður ekki talið, að ákærði hafi látið Steingrím fá ávísun þessa sem borgun fyrir að brjóta á móti embættisskyldu sinni, og verður því einnig að sýkna ákærða af refsingu fyrir hégreinda athöfn.

Fyrir brot það, er í I. hér að ofan greinir, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 400 króna sekt til rikissjóðs, og komi 25 daga einfallt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakar- kostnaðar í héraði þykir meða staðfesta.

Um greiðslu í áfrýjunarkostnaði sakarinnar fer sem hér segir:

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sigurð- ar Sigurðssonar, 100 krónur, greiðist úr rikissjóði.

Ákærði, Guðmundur Guðmundsson, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 200 krónur.

Ákærði, Steingrímur Björnsson, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 100 krónur.

Ákærði, Eyjólfur Jóhannsson, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 200 krónur.

Annar kostnaður við áfrýjun sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda málsins, 400 krónur, greiðist að  $\frac{1}{3}$  in solidum af hinum ákærðu, Guðmundi Guðmundssyni og Steingrími Björnssyni, en að  $\frac{2}{3}$  in solidum af ákærðu, Guðmundi Guðmundssyni og Eyjólfvi Jóhannssyni.

Dví dæmist rétt vera :

Ákærði, Sigurður Sigurðsson, á að vera sýkn af kærum réttvisinnar í máli þessu.

Ákærði, Guðmundur Guðmundsson, sæti 3 mánaða einföldu fangelsi og ákærði Steingrímur Björnsson eins mánaðar samskonar fangelsi, en fresta skal fullnustu refsingar beggja, og niður skal hún falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.

Ákærði, Eyjólfur Jóhannsson, greiði 400 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 25 daga einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði, Guðmundur Guðmundsson, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæsta-

rétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Péturs Magnússonar, 200 krónur.

Ákærði, Steingrímur Björnsson, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar, 100 krónur.

Ákærði, Eyjólfur Jóhannsson, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Sveinbjarnar Jónssonar, 200 krónur.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Sigurðssonar, hæstaréttarmálflutningsmanns Stefáns Jóhanns Stefánssonar, 100 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Allur annar áfrýjunarkostnaður sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda málsins fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Theódórs B. Líndal, 400 krónur, greiðist að  $\frac{1}{3}$  in solidum af ákærðu, Guðmundi Guðmundssyni og Steingrími Björnssyni, en að  $\frac{2}{3}$  in solidum af ákærðu, Guðmundi Guðmundssyni og Eyjólfvi Jóhannssyni.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Guðmundssyni, fyrrverandi aðalféhirði í Landsbanka Íslands, Marargötu 2, Steingrími Björnssyni, fyrr-

verandi aðstoðargjaldkera í Landsbanka Íslands Öldugötu 30, Sigurði Sigurðssyni, fyrrverandi aðstoðargjaldkera í Landsbanka Íslands, Ránargötu 22, og Eyjólfí Jóhannssyni, forstjóra Mjólkurfélags Reykjavíkur, Óðinsgötu 5, öllum hér í bænum, fyrir brot gegn og hlutdeild í brotum gegn 13. og 26. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærðir eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna. Ákærði, Guðmundur Guðmundsson, er fæddur 15. júlí 1893, ákærði, Steingrímur Björnsson, 20. desember 1904, ákærði, Sigurður Sigurðsson, 7. maí 1905 og ákærði, Eyjólfur Jóhannsson, 27. desember 1895.

Ákærði, Guðmundur Guðmundsson, hefir verið starfsmaður Landsbanka Íslands síðan árið 1914. Árið 1925 var hann settur aðalféhirðir bankans og 22. febrúar 1928 var honum veitt það starf. Honum var eigi sett erindisbréf, er hann tók við starfinu eða meðan hann gegndi því. Ákærði, Steingrímur Björnsson, varð starfsmaður Landsbankans 1. marz 1927, og varð aðstoðargjaldkeri 1. október 1930, og gegndi hann því starfi til 1. desember 1933, er hann var settur til annars starfs í bankanum. Honum var eigi sett erindisbréf eða neinar sérstakar reglur um starfið af yfirmönnum bankans. Ákærði, Sigurður Sigurðsson, varð starfsmaður Landsbankans árið 1928 og varð aðstoðargjaldkeri 1. nóvember 1931. Honum var eigi heldur sett erindisbréf eða neinar starfsreglur af yfirmönnum bankans. Eftir að mál þetta kom upp, var ákærða, Guðmundi Guðmundssyni, vikið frá starfi sínu fyrir fullt og allt og án tilkalls til eftirlauna og ákærða, Sigurði Sigurðssyni, um stundarsakir. Ákærði, Steingrímur Björnsson, sagði starfi sínu hinsvegar upp fyrirvaralaust og án tilkalls til eftirlauna, en þá hafði bankastjórnin tekið ákvörðun um að vikja honum fyrirvaralaust úr stöðunni.

Enginn hinna ákærðu hefir áður sætt ákæru eða refsingu svo kunnugt sé.

Tildrög þessa máls eru þau, að hinn 1. marz s. l. tilkynnti Ingvar Sigurðsson, forstjóri útibús Landsbankans við Klapparstig, lögreglunni, að horfið hefði úr sjóði útibúsins umslag með 12 þúsund krónum. Var mál þetta þá þegar tekið til rannsóknar, en eigi hefir tekizt að upplýsa

með hverjum hætti fé þetta hafi horfið. Við rannsóknina út af þessu peningahvarfi varð hinsvegar uppvíst um slíka verknaði af hálfu hinna ákærðu, að dómsmálaráðuneytið fyrirskipaði, að mál skyldi höfðað gegn þeim fyrir brot gegn lagafyrirmælum þeim, er að framan greinir.

## I.

Um peningavörslu Landsbankans er það upplýst, að seðlar bankans, sem ekki eru í umferð, eru geymdir í sérstökum skáp, svonefndri seðlageymslu, en sjóðir gjaldkeranna eru geymdir í öðrum skáp. Seðlageymslunni er lokað með tvennskonar mismunandi læsingu, og verður því eigi komizt í hana nema með tveimur ólíkum lykllum. Að hvorri læsingu seðlageymslunnar hafa verið til tveir lykklar, og var annað settið í höndum aðalféhirðis, en hið hjá manni þeim, er fór í seðlageymsluna í umboði bankastjórnarinnar. Að sjóðgeymslunni er hinsvegar einföld læsing, og eftir því, sem næst verður komizt, hafa verið til 4 lykklar að henni, sem upphaflega voru allir í vörslu aðalféhirðis. Um þá varalykla, sem þannig hafa verið til að þessum fjárhirslum bankans, er það upplýst, að þeir voru ekki geymdir eins og mælt er fyrir í reglugerð bankans, sem býður, að þeir skuli geymdir í hirzlu, sem eigi verður komizt í nema með tveim mismunandi lykllum svo að aldrei geti einn maður haft aðgang að þeim. Það verður hinsvegar ekki álitid að neinn hinna ákærðu starfsmanna bankans hafi borið ábyrgð á því, að þetta boð reglugerðarinnar væri haldið, og kemur því eigi til álita hér, hvort þessi vanræksla sé refsiverð eða ekki.

Þá er það upplýst, að aðalféhirðir, ákærði Guðmundur Guðmundsson, hefir látið aðstoðarmenn sína og gjaldkera útibús bankans við Klapparstíg hafa til notkunar varalykla þá að sjóðgeymslunni, sem hann samkvæmt framangreindu hafði undir höndum, og höfðu þessir menn því eftirlitslausan umgang um fjárhirsluna, og það enda þótt sjóðir útibúsins, sem skifti tugum þúsunda væri geymdir þar um nætur í ólæstum töskum. Þessa ráðstöfun gerði ákærði án vitundar og samþykkis bankastjórnarinnar, en gegn fyrirmælum bankareglugerðarinnar, sem býður, að aðalféhirðir skuli einn hafa aðgang að þessari fjárhirslu.

Með þessu þykir ákærði hafa brotið gegn 144. gr. sbr. 145. gr. hegningarlaganna.

## II.

Það er upplýst og játað af ákærða, Guðmundi Guðmundssyni, að hann hafi oft látið aðra fara fyrir sig í seðlageymslu bankans, til þess að taka út seðla til notkunar ásamt manni, sem það verk annaðist fyrir hönd bankastjórnarinnar. Hann kveður það lengst af hafa verið venju, að færa eigi jafnóðum til bókar svo sem boðið er í bankareglugerðinni, er seðlar voru teknir úr geymslunni, heldur hafi úttektin til bráðabirgða verið færð á laus blöð. Að kvöldi hafi úttektin yfir daginn hinsvegar verið bókfærð í heild, og ákærði þá kvittað fyrir hana í einu lagi. Af þessu leiðir það, að eftir á verður eigi séð, hverjir hafi farið í geymsluna hverju sinni. Við talningu, sem fór fram 9. apríl 1932 reyndust vanta í seðlageymsluna 15 þúsund krónur, og hefir eigi tekizt að upplýsa, með hverjum hætti þessi fúlga hefir horfið, en telja verður að fyrgreint fyrirkomulag hafi mjög torvelað þá rannsókn og yfirleitt alla endurskoðun á seðlageymslunni. Ákærði, Guðmundur Guðmundsson, hefir með því, að gæta þess ekki, að kvittað væri jafnóðum fyrir seðlaúttektina orðið sekur um hirðuleysi, sem telja verður refsivert samkvæmt 144. gr. sbr. 145. gr. hegningarlaganna.

## III.

Í skýrslu endurskoðunardeildar Landsbankans til dómars, dags. 9. marz s. l. segir, að aðalféhirðir, ákærði, Guðmundur Guðmundsson, hafi látið svo ummælt við aðstoðarmenn sína, að þeim bæri hagnaður sá, er yrði af kaupum og sölu erlendrara smámyntar, er þeir önnuðust. Segir í umræddri skýrslu, að þessi hagnaður hafi aðeins numið smáupphæðum, t. d. hafi hann hjá P. Hoffmann, aðstoðargjaldkera, sem skilaði þessum hagnaði numið aðeins kr. 7.37 frá 1. dezember 1933 til 6. marz s. l. Í skýrslunni segir ennfremur, að aðalféhirðir muni ekki hafa haft þessar myntsölur með höndum, nema þá að mjög litlu leyti. Um þetta segir ákærði, Guðmundur Guðmundsson, að hann hafi aldrei bókfært þessa sölu og ávalt selt þessa mynt sama verði og hann keypti hana, enda hafi að-

eins verið um smáupphæðir að ræða, er bankanum bærust af þessari mynt. Hann kveðst ef til vill hafa sagt aðstoðarmönnum sínum „að ekki tæki að bókfæra þetta, en að öðru leyti ekki sagt þeim, að þeim bæri hagnaðurinn af þessu. Það er þannig ekki upplýst, að ákærði, Guðmundur Guðmundsson, hafi dregið sér neinn ávinning af þessari myntsölu, en eftir því, sem fyrirbyggur í málinu, virðast hinir ákærðu aðstoðargjaldkerar hafa haft ástæðu til að ætla, að þeim væri umræddur hagnaður heimill. Það ber því að sýkna alla hina ákærðu gjaldkera af þessu kærutriði.

#### IV.

Hinn 25. eða 26. nóvember 1932 fékk ákærði, Guðmundur Guðmundsson, lánaða ávísun að upphæð kr. 2300.00 hjá Eggert Kristjánssyni, kaupmanni hér í bænum, og var ávísun þessi stíluð á Útvegsbankann. Ávísun þessa notaði ákærði þannig, að hann lánaði sjálfum sér vaxtalaust fé út á hana úr sjóði sínum, og lá hún þar þangað til ákærði lét af störfum og skilaði af sér sjóðnum í marzmánuði s. l., en þá tókst ákærða að leysa til sín ávísunina, og hafði hann fengið lán til þess. Eggert Kristjánsson kveðst hafa ætlað til þess, að ákærði tæki út á ávísun þessa með venjulegum hætti í Útvegsbankanum, þar sem hann ávallt kveðst hafa átt innstæðu fyrir henni.

Þá hefir ákærði tvisvar sinnum fengið lánaðar ávísanir hjá Axel Böðvarssyni, bankaritari, annað skiptið ávísun að upphæð kr. 2000.00, en í hitt skiptið að upphæð kr. 700.00. Þessar ávísanir notaði hann á sama hátt og ávísunina frá Eggert, en eigi er upplýst, hve lengi hann hafi haft þessar ávísanir í notum. Axel Böðvarsson kveðst hafa átt inni fyrir þessum ávísunum, og er annað ekki upplýst.

Loks hefir ákærði játað, að hann hafi auk fyrrgreindra ávísanalána, lánað peninga úr sjóði sínum, og skuldaði hann þannig kr. 1600.00, er hann lét af störfum, sem honum þó tókst að greiða áður en hann skilaði sjóðnum. Til tryggingar sliðum lánnum lét ákærði liggja í sjóði sínum sparisjóðsbók með 3700 króna innstæðu, sem hann hafði heimild til að taka út úr, ef honum lá á.

Það verður ekki talið, að ákærði hafi með framan-

greindum lánnum bakað bankanum áhættu, en hinsvegar hefir hann með því að afla sér þannig vaxtalausra lána notað aðstöðu sína sem gjaldkeri ranglega sér til ávinnings, og varða þessi brot hans við 142. gr., sbr. 145. gr. hegningarlaganna.

## V.

Hinn 23. nóvember s. l. framkvæmdi endurskoðunardeild Landsbankans sjóðtalningu hjá hinum ákærðu gjaldkerum bankans. Kom þá í ljós, að í kassa Steingrims Björnssonar var ávisun að upphæð kr. 15000.00 útgefin af Mjólkurfélagi Reykjavíkur 30. október s. á. á Útvegsbankann, og hafði ávisun þessi þá ekki enn fengizt innleyst. En auk þessarar ávísunar voru nokkrar stórar ávisanir frá sama félagi einnig útgefnar á Útvegsbankann, sem lágu í kössum hinna ákærðu aðstoðargjaldkera, Steingrims og Sigurðar, sem keyptar höfðu verið þrátt fyrir það, að fyrrgreind ávisun hafði ekki fengizt greidd. Þetta þótti athugasvert, og gaf endurskoðunardeildin bankastjórnunum því skýrslu um málið, og tóku þeir það til athugunar. Aðstoðargjaldkerarnir töldu sig þá hafa keypt þessar ávisanir án ráða aðalféhirðis, en annars virðast þeir hafa gefið óljósar skýrslur um þetta. Aðalféhirðir, ákærði, Guðmundur Guðmundsson, kannaðist ekki við, að hann vissi neitt um þessar ávisanir eða afgreiðslu á þeim, og átalði hann aðstoðargjaldkerana í áheyrn bankastjórnanna fyrir afgreiðsluna á þeim. Féll mál þetta svo niður án frekari aðgerða, enda ekki óalgengt að keyptar væru í Landsbankanum ávisanir á aðra banka, sem síðan reyndist ekki til fyrir.

Með rannsókn þessa máls hefir það hinsvegar orðið uppvist, að hinir ákærðu gjaldkerar Landsbankans hafa á undanförunum árum keypt af meðákærða Eyjólfí Jóhannssyni allmikið af ávisunum, sem útgefnar voru af Mjólkurfélagi Reykjavíkur, sem ákærði Eyjólfur veitir forstöðu, á hlaupareikning nefnds félags í Útvegsbankanum, enda þótt vitað væri af þeim og um það talað af meðákærða Eyjólfí, að ekki væri til fyrir þessum ávisunum á reikningi félagsins í nefndum banka. Þessi ávisanakaup virðast hafa byrjað á árinu 1931, og síðan haldið áfram og farið vaxandi þangað til haustið 1933, er fyrrgreind



sjóðtalning fór fram, en eftir það virðist ávisanakaup þessi hafa minnkað verulega, en þó eigi horfið með öllu.

Ávisanir þær, sem gjaldkerarnir þannig keyptu, létu þeir síðan liggja sem sjóð í kössum sínum, unz þær fengust greiddar, og leið oft alllangur tími þangað til innlausn fór fram. Voru ávisanirnar þá oft framlengdar eða endurnýjaðar með nýjum ávisunum, en er þær svo endanlega voru greiddar bankanum, fór greiðslan fram ýmist þannig, að þær voru greiddar beint í sjóð viðkomandi gjaldkera, og komu þá aldrei fram á reikningi félagsins í Útvegsbankanum, eða lagt var inn fyrir þeim á reikning félagsins í Útvegsbankanum og þær síðan sendar þangað til innlausnar. Af þessum ávisanalánun var Mjólkurfélagið ekki látið greiða neina vexti til bankans.

Hinir ákærðu hafa ekki getað upplýst, hve miklu þessi ávisanakaup hafi numið á einstökum tímum eða í heild með því að ekkert bókhald hefir verið um það. Að tilhlutun rannsóknardómarans í máli þessu var því endurskoðendunum Halldóri Sigfússyni og Birni Steffensen falið að rannsaka þetta, og fengu þeir í því skyni aðgang að bókum Mjólkurfélagsins og reikningum þess við Útvegsbanka Íslands. Hafa athuganir endurskoðendanna á ávisananotkun félagsins tekið yfir tímabilið frá ársbyrjun 1930 og fram á árið 1934. Hafa þeir gefið skýrslur um þessar athuganir sínar og enn fremur hafa verið lögð fram í málinu nokkur gögn önnur varðandi þetta atriði svo sem afrit af hlaupareikningi Mjólkurfélagsins í Útvegsbankanum. Af þessum gögnum og af játningu hinna ákærðu má ráða það, að ávisanakaup þessi hafa numið verulegum upphæðum, en hinsvegar verður ekki með vissu séð, hve keyptar ávisanir hafi numið á ýmsum tímum eða í heild.

Það má að vísu sjá, hve miklu nema á vissum dögum ávisanir þær, er Mjólkurfélag Reykjavíkur hefir gefið út, en eigi hafa þá verið innleystar og eftir því, sem fyrir liggur í málinu, þykir mega ganga út frá því, að meiri parturinn af þeim hafi verið keyptar af gjaldkeranum. En því er haldið fram af ákærða, Eyjólfí Jóhannssyni, að meðal óinnleysta ávisana á hverjum tíma séu ávisanir, sem hann hafi sett sem tryggingu fyrir kröfum einstaklinga eða stofnana á hendur félaginu, og enn fremur ávis-

anir, sem hann hafi gefið sem skuldarviðurkenningu mönnum, sem hann hafi fengið stutt lán hjá handa félaginu. Endurskoðandi Mjólkurfélags Reykjavíkur, G. E. Nielsen, hefir gefið þá skýrslu, að við athugun á banka-reikningi félagsins, er hann framkvæmdi í októbermánuði 1933, hafi hann komið að þeirri niðurstöðu, að hinn 1. október s. á. hafi ávisanir, útgefnar af félaginu, sjó að tölu „að upphæð samtals kr. 64.500.00 legið í Landsbankanum óinnleystar og kemur þetta heim við skýrslu endurskoðanda réttarins um þetta atriði. Ein af þessum ávísunum að upphæð kr. 6000.00 var gefin út 21. september, en hinar allar 28. sept. 1933. Þessar ávisanir voru innleystar í októbermánuði, ein að upphæð kr. 1000.00 4. október, kr. 2500.00 28. október, en hinar allar 11. október. En hinn 1. október 1933 er innstæða félagsins á hlaupareikningi þess í Útvegsbankanum samkvæmt afriti því af hlaupareikningnum, sem liggur fyrir í málinu samkvæmt framangreindu, aðeins kr. 99.20. Endurskoðandi félagsins átti í tilefni af þessari athugun tal við forstjóran, ákærða Eyjólf Jóhannsson, og ráðlagði, að slíkri ávisananotkun væri hætt, með því að hann taldi þetta fyrirkomulag miður heppilegt. Samkvæmt skýrslu endurskoðanda réttarins virðast óinnleystar ávisanir Mjólkurfélags Reykjavíkur, útgefnar á hlaupareikning félagsins, í Útvegsbankanum, nema samtals kr. 102000 hinn 10. október 1933. Ákærði, Eyjólfur Jóhannsson, telur þó, að sumar þessar ávisanir kunni að hafa verið innleystar þennan dag, en dregið að færa innlausnina í bækur félagsins, og því virðist þær óinnleystar, þó þær raunverulega hafi ekki verið það. En þennan dag er innstæða félagsins á hlaupareikningi þess í Útvegsbankanum samkvæmt reikningsafriti aðeins kr. 87.50 Er sjóðtalinng fór fram hjá gjaldkerum Landsbankans hinn 23. nóvember 1933, höfðu þeir undir höndum samkvæmt eigin játningu þeirra ávisanir frá félaginu samtals að upphæð kr. 40000 sem þeir höfðu keypt án þess inneign væri til fyrir þeim á reikningi félagsins í Útvegsbankanum, sem ávisanirnar voru stilaðar á. Hinn 31. desember 1933 kveður fyrrgreindur endurskoðandi Mjólkurfélags Reykjavíkur óinnleystar ávisanir, er lágu frá félaginu í Landsbankanum, hafa numið kr. 12000.00, en þá er inneign félagsins á

hlaupareikningi þess í Útvegsbankanum samkvæmt reikningsafritinu kr. 6371,26.

Landsbankinn hefir látið reikna út vexti og vaxtavexti af ávísunum þeim, sem eftir því, sem fyrir liggur gat komið til greina um, að hinir ákærðu starfsmenn bankans hefðu keypt, fyrir tímabil þau, sem þær gátu hafa legið í bankanum, en um nokkrar ávísanir verður ekki séð, hvenær þær hafi verið innleystar, og eru þá reiknaðir 15 daga vextir af þeim. Þannig reiknað nema vextir af þessum ávísunum samtals kr. 10443.05, sem Mjólkurfélag Reykjavíkur hefir greitt samkvæmt kröfu bankans, og hefir bankinn því eigi óskað að gera neina skaðabóta-kröfu í máli þessu.

Skal nú athugaður þáttur hvers hinna ákærðu um sig, í þessum ávísanakaupum og annað það í sambandi við þau, er teljast kann átöluvert af þeirra hendi.

1) Ákærði, Guðmundur Guðmundsson, hefir skýrt svo frá, að hann geti eigi með vissu sagt um það, hvenær ákærði Eyjólfur Jóhannsson, forstjóri Mjólkurfél. Reykjavíkur, fyrst fór fram á það við hann, að hann keypti ávísanir með þeim hætti, sem áður greinir, en telur eftir því, sem fyrir liggur, að það hafi verið á árinu 1931. Síðan hafi þetta farið í vöxt og á árunum 1932 og 1933 hafi að jafnaði legið hjá sér slíkar ávísanir, sem námu verulegum upphæðum, þótt það væri nokkuð misjafnt, hve mikið að þessu kvað, og kveður hann stundum hafa verið borgað upp í bili. Ákærði segir, að hvorki í upphafi né síðar hafi verið gert neitt fast samkomulag milli hans og forstjóra Mjólkurfélags Reykjavíkur um að hann keypti ávísanirnar undir slíkum kringumstæðum, en þó hafi það oft komið fyrir, að hann keypti ávísanir, sem bárust frá félaginu. án þess að sérstaklega væri um þær samið.

Ákærði, Eyjólfur Jóhannsson, kveðst í fyrstu hafa farið fram á það við ákærða, Guðmund Guðmundsson, að kaupa af sér ávísun, sem eigi var til fyrir, vegna þess að hann þurfti að greiða bankanum innheimtukuröfu, en skorti fé til þess. Kveðst hann hafa farið fram á þetta við Guðmund, með því að þeir voru góðir kunningjar, og hafi Guðmundur tekið því greiðlega og ekki talið nein tormeiki á því. Kveður hann sér hafa skilizt, að slíkt, sem þetta, væri gert almennt í greiðaskyni fyrir viðskipta-

menn bankans og með heimild bankastjórnarinnar, en ekkert hefir hann fært fram til stuðnings þessu álitinu. Um endurgjald til ákærða, Guðmundar Guðmundssonar, fyrir þessi ávisanakaup kveður hann ekkert hafa verið samið.

Er mál þetta var tekið til rannsóknar upplýstist það, að ákærði, Guðmundur Guðmundsson, skuldaði Mjólkurfélagi Reykjavíkur samtals kr. 8481.34 og var skuldin þetta við s. l. áramót. Af skuld þessari eru kr. 3481.34 vegna vöruúttektar Guðmundar hjá félaginu, og hefir hún um áramótin 1931 og 1932 numið kr. 354.81. Síðan og til ársloka 1933 bætist mánaðarlega við skuldina vegna vöruúttektar án þess að nokkuð sé greitt inn á hana, og á tímabilinu október—nóvember 1933 er ákærði skuldaður um kr. 5000.00 vegna ávísana. Hinir ákærðu Guðmundur Guðmundsson og Eyjólfur Jóhannsson hafa borið, að að Guðmundur hafi verið krafinn um greiðslu á vöruskuld þessari, en Eyjólfur hefir hinsvegar játað, að með tilliti til þess, að ákærði Guðmundur hafði með fyrrgreindum ávisanakaupum gert Mjólkurfélaginu greiða hafi hann ekki séð sér fært, að ganga eins hart að honum og ella. Um hinn lið skuldar þessarar, kr. 5000.00, sem ákærði, Guðmundur Guðmundsson, á viðskiptareikningi sínum við félagið er skuldaður fyrir vegna ávísana, gaf ákærði í fyrstu undir rannsókn málsins ranga skýrslu, eða þess efnis, að hann skuldaði félaginu ekki þessa upphæð, Hann kvaðst að vísu laust eftir áramótin 1932 og 1933 hafa fengið 5000 króna ávísun lánaða hjá félaginu, stílaða á hlaupareikning félagsins í Útvegsbankanum, og að hann hefði notað ávísunina á þann hátt, að hann lánaði peninga út á hana úr sjóði sínum, en ávísun þessa kveðst hann hafa greitt og væri upphæðin því ranglega talin sér til skuldar á reikningi félagsins. Síðar varð ákærði að játa, að fyrrgreindur framburður væri rangur, og að hann skuldaði félaginu kr. 5000.00 vegna ávísunar, sem hann hafði fengið að láni hjá félaginu, og er um stofnun þessarar skuldar ákærða við félagið upplýst það, sem nú skal greina. Hinn 18. júní 1931 fékk ákærði, Guðmundur Guðmundsson, lán að upphæð kr. 5000.00 hjá Agli Thorarssen, kaupfélagsstjóra á Selfossi. Lán þetta fékk ákærði greitt með ávísun á Útibú Landsbankans á Selfossi, og var

sú ávisun afgreidd með venjulegum hætti. Var svo um-samið, að ákærði greiddi lán þetta um áramótin 1931 og 1932 með þeim hætti, að hann annaðhvort legði upphæð-ina inn á hlaupareikning Egils Thorarensen í Landsbank-anum í Reykjavík eða á annan hátt sæi um greiðslu á jafnhárri ávisun, sem Egill gæfi út á umræddan hlaupa-reikning, er henni yrði framvísað í bankanum. Með bréfi dags. 31. desember 1931 sendir svo útibúið á Selfossi að-albankanum í Reykjavík ávisun að upphæð kr. 5000.00 útgefna af Agli Thorarensen á hlaupareikning hans í Landsbankanum, en þar reyndist þá ekki til fyrir henni, með því að ákærði, Guðmundur Guðmundsson, hafði eigi haft tök á því að leggja inn á hlaupareikninginn fyrir henni og greiða þannig skuld sína við Egil. Eftir að á-visun þessi hafði legið nokkuð í bankanum óafgreidd, varð það þó úr, að ákærði tók hana í sjóð sinn og var hún þá jafnframt færð útibúinu til tekna. Ákærði hafði nú ekki peninga til þess, að leysa til sin ávisunina úr sjóðnum, og leitaði hann þá, eða í janúarmánuði 1932, til ákærða, Eyjólf, og bað hann að lána sér 5000 kr. í peningum, og kveðst ákærði, Guðmundur Guðmundsson, hafa farið fram á þetta við Eyjólf, vegna þess að hann hafi oft sinn-is áður gert honum greiða með því að kaupa ávisanir af honum fyrir hönd Mjólkurfélags Reykjavíkur, eins og áð-ur segir. Eigi varð það þó úr, að ákærði, Guðmundur Guðmundsson, fengi peningalán hjá Eyjólf, en í stað þess lánaði Eyjólfur honum ávisun að upphæð kr. 5000 út-gefna af Mjólkurfélagi Reykjavíkur á hlaupareikning þess í Útvegsbankanum, og afhenti ákærði Guðmundur Guð-mundsson ákærða, Eyjólf Jóhannssyni, jafnframt ávisun-ina frá Agli Thorarensen sem tryggingu, en lét ávisunina frá Mjólkurfélaginu í staðinn í sjóð sinn og lét hana liggja þar sem hluta af sjóðnum. Um vorið eða sumarið 1932 krafði Egill Thorarensen ákærða Guðmund um að fá af-henta fyrrgreinda ávisun, er hann hafði gefið út. Fór á-kærði þá til Eyjólf og fékk ávisunina afhenta gegn lof-orði um að greiða skuldina, sem ákærði hafði stofnað sér í við sjóð sinn, og losa þannig ávisun félagsins, eða að setja nýja tryggingu fyrir henni. Þetta hvorttveggja van-efndi ákærði Guðmundur hinsvegar, og lá ávisunin áfram í sjóði hans þangað til 24. nóvember 1933, er félagið leysti

hana til sín og skuldaði ákærða jafnframt fyrir upphæðinni, en meðan ákærði hafði ávísun þessa að láni, var hún nokkrum sinnum endurnýjuð og innleyst í bili af félaginu. Ákærði, Eyjólfur, kveðst hafa lánað ákærða, Guðmundi, þessa ávísun í greiðaskyni, enda hefði hann gert félaginu greiða áður, þ. e. með því að kaupa af því ávisanir, eins og áður er lýst en eigi er upplýst, að talað hafi verið um, að þetta lán skyldi vera endurgjald fyrir ávisanakaupin.

2) Þá er það upplýst, að ákærði, Steingrímur Björnsson, hefir með sama hætti og ákærði, Guðmundur Guðmundsson, keypt ávisanir af Mjólkurfélagi Reykjavíkur fyrir beiðni forstjórans, ákærða, Eyjólf Jóhannssonar. Ákærði, Steingrímur, telur, að það hafi verið seint á árinu 1931, að ákærði, Eyjólfur, fyrst bað hann að kaupa af sér ávísun með þessum hætti, og kveður hann þá hafa verið talað um, að ávísunin yrði bráðlega greidd aftur. Ákærði kveðst hafa fallizt á að gera þetta og án þess að áskilja sér nokkur viðrög eða hlunnindi í staðinn. Í upphafi var aðeins talað um kaup á ákveðinni ávísun til greiðslu á tiltekinni kröfu bankans á hendur félaginu, en eigi um það samið, að ákærði gerði þetta að staðaldri framvegis. Þó fór það svo, að ákærði samkvæmt beiðni keypti af Mjólkurfélaginu oftár ávisanir með sama hætti og áður greinir, og kvað því meira að þessu sem tíminn leið, en eigi hefir tekizt að upplýsa, hve miklum upphæðum þetta hafi numið á einstökum tímabilum eða í heild. En úr því kom fram á árið 1932 kveðst ákærði jafnan hafa haft í sjóði ávisanir frá félaginu, er námu 1000 krónum, sem eigi var til fyrir í Útvegsbankanum, sem ávisanirnar hljóðuðu á, en þó kveður hann upphæðina ávallt hafa verið nokkuð breytilega, með því að skipt hafi verið um ávisanir, þær endurnýjaðar að nokkru, greiddar að nokkru o. s. frv. Er sjóðtaling fór fram hjá ákærða hinn 23. nóv. 1933 námu slíkar ávisanir í sjóði hans 25 þúsund krónum, og telur ákærði vist, að þær hafi aldrei numið meiru. Ennfremur hefir ákærði getið þess í þessu sambandi, að möguleiki sé á, að eitthvað af þessari upphæð sé þannig til komið, að hann hafi tekið í sjóð sinn ávísun eða ávisanir úr sjóðum hinna gjaldkeranna, er hann í forföllum þeirra gegndi störfum þeirra í fyrra

sumar. Er ákærði byrjaði að kaupa ávisanir með þessum hætti af Mjólkurfélaginu, kveðst hann ekki hafa vitað, að aðalféhirðir gerði það, en síðar meir kveðst hann hafa séð ávisanir frá Mjólkurfélaginu liggja í kassa aðalféhirðis, og þar af hafi hann dregið þá ályktun, að hann mundi einnig kaupa þær, þó eigi væri til fyrir þeim. Ákærði kveðst brátt, eftir að hann byrjaði þessi ávisanakaup hafa sagt aðalféhirði frá því, að hann lægi með ávisanir frá félaginu, sem eigi væri til fyrir, og vissi aðalféhirðir um það síðan án þess að gera nokkrar athugasemdir út af því. Þá kveðst ákærði stundum, enda þótt hann ekki gerði það að jafnaði, hafa borið það undir aðalféhirði, hvort kaupa skyldi ávisanir af Mjólkurfélaginu, enda þótt eigi væri til fyrir þeim, og samþykkti aðalféhirðir það þá án athugasemda. Aðalféhirðir, ákærði Guðmundur Guðmundsson, hefir játað, að það, sem nú hefir verið sagt, um vitund hans og afskipti af ávisanakaupum Steingrims, sé rétt.

Sumarið 1932 kveðst ákærði hafa verið í peningavandæðum vegna taps, sem hann beið á fiskviðskiptum, sem hann hafði fengizt við. Það hann þá ákærða, Eyjólfur, að lána sér ávisun að upphæð kr. 1800.00. Féllst Eyjólfur á það, og hinn 27. maí 1932 gaf hann út fyrir hönd Mjólkurfélagsins ávisun að upphæð kr. 1800.00 og afhenti ákærða. Ávisun þessa notaði ákærði, Steingrímur, svo þannig, að hann tók út á hana peninga úr sjóði sínum í eigin þarfir. Var ávisunin síðan endurnýjuð nokkrum sinnum af félaginu, en 14. ágúst 1933 var hún hækkuð upp í kr. 2500.00 og var síðan í notum ákærðs, þangað til hann lét af störfum sem gjaldkeri 1. dezember 1933, en þá fékk ákærði peningalán hjá félaginu til þess að leysa hana út. Það tímabil, sem ákærði þannig hafði ávisanir að láni frá Mjólkurfélagi Reykjavíkur, kveðst hann hafa haft fjárreiður fyrir Lárus Blöndal, stýrimann, og þar af leiðandi haft undir höndum peninga frá honum, sem oftast námu meiru en umræddar ávisanir. Þessa peninga var ákærða heimilt að nota í eigin þarfir til bráðabirgða, ef honum lá á, og kveðst ákærði því oftast hafa látið fylgu af þessum peningum, sem nam jafnhárri upphæð og sú ávisun, sem hann hafði að láni, liggja í sjóðnum í stað ávisunarinnar, en þó hafi það komið fyrir, að hann hafði ekki

nægilega peninga fyrirleggjandi til þess. Lárus Blöndal hefir sem vitni borið, að árin 1931—1933 hafi ákærði haft undir höndum 3000—5000 krónur í peningum fyrir sig, og að ákærða hafi verið heimilt að nota þetta fé í eigin þarfir að svo miklu leyti, sem það færi ekki í bága við greiðslur, sem ákærða bar að inna af hendi af þessum peningum.

Um þessi ávisanalán Mjólurfélagsins til sín segir ákærði, að hann hafi farið fram á þessi lán, við forstjórnann, ákærða, Eyjólf Jóhannsson, vegna þess að ákærði var þá farinn að kaupa ávisanir félagsins undir þeim kringumstæðum, sem áður er lýst, og telur ákærði þann greiða, sem félagið með þessum lánveitingum sýndi honum, standa í sambandi við það. Ákærði, Eyjólfur, hefir og ját- að, að þessar lánveitingar hans til ákærða, Steingrims hafi staðið í sambandi við kaup hans sem gjaldkera á ávisunum Mjólurfélagsins, en eigi er upplýst, að um þetta hafi verið talað berum orðum af hinum ákærðu.

3) Ákærði, Eyjólfur Jóhannsson, kveðst aldrei hafa farið þess á leit við ákærða, Sigurð Sigurðsson, að hann keypti ávisanir af Mjólurfélaginu, er eigi var til fyrir þeim. Kemur þetta fram við framburð Sigurðar, en hann segir, að það hafi aldrei komið fyrir að ákærði, Eyjólfur, eða nokkur annar af hálfu Mjólurfélagsins færi fram á slíkt við sig. Sem aðstoðargjaldkeri kveðst ákærði, Sigurður Sigurðsson, hafa unnið við hlið aðalféhirðis, ákærða, Guðmundar Guðmundssonar, og í öllu farið eftir hans fyrirmælum, enda talið sig vinna starfið á hans ábyrgð. Um afgreiðslu á ávisunum á aðra banka segir ákærði, að hann hafi ávallt borið það undir aðalféhirði, hvort þær skyldu keyptar, ef nokkur vafi taldist vera á því, hvort til væri fyrir þeim, og að hann hafi ávallt hegð- að sér eftir fyrirsögn aðalféhirðis í þessu efni. Um afgreiðslu og kaup á ávisunum frá Mjólurfélagi Reykjavíkur kveðst ákærði hafa látið sama gilda og um aðrar ávisanir samkvæmt framangreindu, en hann kveður það hafa komið fyrir, að ávisanir frá þessu félagi, er komu í sjóð hans, fengust ekki greiddar, er þeim var framvísað, vegna þess að ekki var til fyrir þeim, og leið þá stundum nokkur tími, unz þær voru innleystar af viðkomandi banka eða endurkeyptar af félaginu sjálfu. Hann kveður þó mjög



lítið hafa kveðið að þessu hjá sér, og kveður hér aðallega vera um eina ávísun að ræða, að upphæð kr. 5000.00, er kom í sjóð hans sumarið eða haustið 1933. Gekk illa að að fá þessa ávísun greidda, og var hún í sjóði ákærða, er sjóðtalinng fór fram 23. nóvember 1933, en hafði þá verið endurnýjuð að ráði aðalféhirðis. Er ávísanir þessar voru keyptar, kveðst ákærði aldrei hafa vitað til þess, að neitt væri sérstaklega um það samið. Ákærði, Guðmundur Guðmundsson, hefir staðfest þennan framburð Sigurðar að því er snertir starfstilhögun og afstöðu hans til sín.

Hinir ákærðu, Guðmundur Guðmundsson og Steingrímur Björnsson, hafa þannig tryggingarlaust lánað Mjólkurfélagi Reykjavíkur af fé bankans verulegar upphæðir, enda þótt þeir, þar sem félagið fór fram á slikt, hefðu ástæðu til að ætla, að það ætti við fjárhagsörðugleika að stríða. Þykja þeir með þessu og einnig með því, að lána sjálfum sér út á ávísanir félagsins hafa bakað bankanum fjárhagslega áhættu með þeim hætti, að refsingu varði samkvæmt 142. gr. sbr. 145. gr. hinna almennu hegningarlaga, og getur það eigi leyst hina ákærðu undan hegningu, að féð fékkst allt greitt. Þá hafa hinir ákærðu Guðmundur Guðmundsson og Steingrímur Björnsson með því að lána sjálfum sér úr sjóði bankans út á þessar ávísanir notað aðstöðu sína, sem starfsmenn bankans, til þess að afla sér vaxtalausra lána, og þannig ranglega sér til ávinnings, og þykir það einnig varða við 142. gr. sbr. 145. gr. hegningarlaganna. Þá þykja hinir ákærðu Guðmundur og Steingrímur með því að fara fram á og fá umrædd lán hjá Mjólkurfélagi Reykjavíkur, eins og á stóð og nánar er lýst hér að framan, hafa brotið gegn 119. gr. sbr. 145. gr. hegningarlaganna. Að því er snertir ákærða, Sigurð Sigurðsson, þá verður eigi talið, að hann hafi með framferði sínu, sem lýst er hér að framan, unnið til refsingar. Ákærði, Eyjólfur Jóhannsson, hefir með fyrgreindri ávísanasölu aflað Mjólkurfélagi Reykjavíkur lánsfjár og þar af leiðandi hagsmuna með þeim hætti, að varða þykir við 259. gr. hegningarlaganna, og þar sem hann í þessu sambandi hefir fengið hina ákærðu Guðmund Guðmundsson og Steingrím Björnsson til verknaðar, er varðar þá refsingu samkvæmt 142. gr. sbr. 145. gr. hegningarlaganna, þá er hann einnig sekur um brot gegn 142. gr. sbr. 145. gr. og 53. gr. hegn-

ingarlaganna. Það verður hinsvegar ekki talið, að ákærði Eyjólfur hafi orðið sekur um brot gegn 120. gr. hegningarlaga, enda þótt hann lánaði þeim Guðmundi og Steingrími ávísanir, eins og áður greinir, og gerði það með tilliti til hinna refsiverðu ávísanakaupa þeirra, með því, að ákærði bauð þetta eigi fram að fyrrabragði, og sönnur þykja ekki vera fyrir því, að lánin hafi haft áhrif á umrædd viðskipti, sem þá voru hafin, er lánin voru veitt. En þar sem ákærða Eyjólfur var ljóst, að hinir ákærðu Guðmundur og Steingrímur notuðu þessar ávísanir eins og áður er lýst og þannig refsivert er samkvæmt 142. gr. sbr. 145. gr. hegningarlaga, þá þykir ákærði Eyjólfur hafa stutt þá til hins refsiverða ávinnings þannig, að hann með umræddum ávísanalánnum hafi brotið gegn 142. sbr. 145. og 49. gr. hegningarlaga.

Með tilvísun til framanritaðs ber að sýkna ákærða, Sigurð Sigurðsson, af ákæru réttvísinnar í máli þessu, og greiðist málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hrm. Stefáns Jóh. Stefánssonar kr. 150.00 úr ríkissjóði.

Með hliðsjón af 58. gr., 63. gr. og 34. gr. 1. mgr. hegningarlaga þykir refsing ákærða, Guðmundar Guðmundssonar, fyrir framangreint afbrot hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði. Hann greiði og varðhaldskostnað sinn og 150 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns hrm. Péturs Magnússonar.

Með hliðsjón af 58. gr. 63. gr. og 34. gr. 1. mgr. hegningarlaga þykir refsing, ákærða Steingríms Björnssonar, fyrir framangreind afbrot hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði. Hann greiði skipuðum verjanda sínum, hrm. Lárusi Jóhannessyni, kr. 150 í málsvarnarlaun.

Með hliðsjón af 58. gr. og 63. gr. hegningarlaga þykir refsing ákærðs, Eyjólf Jóhannssonar, fyrir frangreind brot hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga. Hann greiði skipuðum verjanda sínum, hrm. Sveinbirni Jónssyni, kr. 150 í málsvarnarlaun.

Allan annan kostnað sakarinnar greiði hinir ákærðu Guðmundur Guðmundsson, Steingrímur Björnsson og Eyjólfur Jóhannsson in solidum.

En með tilliti til þess, að ákærðu hafa ekki áður sætt refsingu, að Landsbanki Íslands virðist ekkert fjárhagslegt tjón hafa beðið vegna afbrota þeirra, og að því er snertir þá ákærðu Guðmund og Steingrím, að þeir hafa vegna umræddra afbrota mist stöður sínar, þá þykir mega ákveða, að refsing allra hinna ákærðu skuli verða skil-orðsbundin samkvæmt lögum nr. 39 1907.

Á máli þessu hefir orðið nokkur dráttur, sem grein er gerð fyrir í prófunum, og hefir rekstur málsins verið vitalaus.

---

Föstudaginn 10. maí 1935.

Nr. 164/1934. **Ásgeir Guðmundsson f. h. þrotabús**  
**h/f Fáfnis** (Stefán Jóh. Stefánsson)  
 gegn

**Bessa Gíslasyni** (Lárus Jóhannesson).

**Krafa áfrýjanda um greiðslu kaupeftirstöðva og viðurkenningu sjóveðs fyrir þeim tekin til greina.**

*Dómur sjóréttar Reykjavíkur 21. ágúst 1934:* Stefnur, h/f. Fáfni, eða nú þrotabú félagsins, greiði stefnanda, Bessa Gíslasyni, kr. 1024.41 ásamt 6% ársvöxtum frá 8. júní 1933 til greiðsludags og málskostnað með 100 krónum og viðurkennist sjóveð i e/s Fáfni fyrir hinum til dæmdu upphæðum.

Dóminum ber að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Af hálfu áfrýjanda er þess krafizt, að upphæð sú, er hann er í hinum áfrýjaða dómi dæmdur til að greiða stefnda, verði færð niður um kr. 350.00, og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum